



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 5. september 2018



## **Fjórði fundur 61. stjórnar HSI var haldinn í fundarsal HSI, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 05. september 2018 kl.12.00**

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Reynir Stefánsson, Þorbergur Aðalsteinsson og Þorgeir Haraldsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSI sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Hjördís Guðmundsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir og Magnús Karl Daníelsson.

Fjarverandi: Enginn

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 6 mánaða uppgjör  
AP fór yfir 6 mánaða uppgjör sem lagt var fyrir stjórn. Staðan er betri en þó gefur þetta ekki fyrirheit um jákvæða afkomu og því þarf að gæta áfram aðhalds í rekstri.
3. Skipan nefnda  
Farið var yfir tilnefningar í nefndir og voru þær samþykktar af stjórn.
4. Lagamál og reglugerðir  
DBG kynnti þær breytingar á reglugerð um handknattleiksmót og agamál sem laganefnd leggur til. Miklar umræður voru um veðmálastarfsemi og var þeirri umræðu vísað til formannafundar. Breytingar á reglugerðum eru samþykktir
5. Viðburðardagatal  
RG kynnti með hvaða hætti viðburðardagatal verður birt til stjórnarmanna.
6. Starfsmannamál  
RG kynnti þær breytingar sem eiga sér stað á skrifstofu HSI. Tvær stöður eru lausar og verða þær báðar auglýstar.
7. Undanþága frá Gróttu  
HÞH kynnti undanþágu beiðni frá Gróttu varðandi stærð á íþróttahúsi. Stjórn HSI samþykkir að gefa þeim tímabundna undanþágu.
8. Önnur mál
  - a. Gjaldskrá HSI  
Samþykkt með fyrirvara um kynningu á formannafundi

Næsti fundur stjórnar HSI er miðvikudaginn 3. október kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari